

Atvinnuveganefnd

15. Október 2014

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, veitir hér umsögn um þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 16 (16. mál) á 144. löggjafarþingi. Umsagnarbeiðni nr. 8805.

IMMI fagnar því að fram er komin þingsályktunartillaga þess efnis að Íslandi styrki vistkerfi sitt fyrir hagnýtingu internetsins sem og réttindavernd fyrir notendur. Ljóst er að gríðarleg sóknarfæri felast í internetinu er varða atvinnutækifæri og viðskiptahagsmuni fyrir land og þjóð. Þingsályktunartillagan er mjög svo í anda þeirra málefna sem IMMI stofnunin leggur áherslu á og stendur vörð um. Stofnunin hefur ávallt lagt ríka áherslu á að tryggja þurfi góðan lagaramma til að auka og nýta sem best þau viðskiptatækifæri sem internetið býður upp á, en slík tækifæri felast ekki síst í gríðarlega sterkri réttindavernd fyrir netnotendur. Slík réttindavernd er eitt af mikilvægustu réttindamálum 21. aldarinnar en öflug mannréttindavernd veitir gríðargóð atvinnutækifæri í sjálfri sér, fyrir utan þá sjálfsögðu kröfu að Ísland komi upp lagaumhverfi sem tryggi einna bestu notendavernd á heimsvísu, samanber þingsályktunartillögu (þskj. 688 - 383. mál) frá 138. löggjafarþingi um að Íslandi skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

Mikið kapphlaup er hafið á milli þjóða heimsins til að styrkja rekstrarumhverfi á internetinu og laða til sín fyrirtæki hvers starfsemi hvílir á notkun netsins. Hugvitið er að miklu marki ónýtt auðlind hér á landi og er mikilvægt að búa því hugviti sem hér er bestu mögulegu skilyrðin, jafnframt því að laða til landsins hugvit annars staðar frá. Frá því áður nefnd þingsályktunartillaga leit dagsins ljós og einróma samþykkt var af alþingi hefur Ísland heldur dregist aftur úr hvað þetta varðar, en ljóst er að einhver bestu sóknarfæri okkar í þessum efnum felast í þeim lagaramma sem sú þingsályktunartillaga kvað á um. Friðhelgismál hafa statt og stöðugt verið í alheimsumræðunni en trygging bestu notendaverndar sem völ er á mun laða til sín fyrirtæki og einstaklinga úr tækni-, fjölmiðla- og upplýsingageiranum.

Mikilvægt er að ítreka mikilvægi ákveðinna þátta þegar hugað er að réttindavernd fyrir notendur:

- *Milliliðavernd:* Vernd milliliða, sem áður nefnd þingsályktunartillaga tekur til, er lykilþáttur í því að laða hingað til lands fyrirtæki sem starfa í þeim geirum þar sem upplýsingamiðlun á sér stað, enda myndi það valda hýsingarfyrirtækjum miklum vanda ef þau væru lagalega ábyrg, að öllu jöfnu, fyrir þeim upplýsingum sem eru hýstar hjá þeim. Á sama tíma vilja þeir sem hýsa gögn vera öruggir um sinn hag. Ekki síst vilja þeir sem hýsa vefsíður eða annað á Íslandi vera öruggir um að verða ekki fyrir ritskoðun eða hverskyns tálmun á útgáfu, nema til dómsúrskurðar komi. Því er ekki hægt að gera milliliði ábyrga, og lög um það verða að vera skýr. Þetta tekur til fjarskiptalöggjafarinnar og laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Stór fyrirtæki sem hingað kunna að vilja flytja sína starfsemi, sem og lítil og millistór

fyrirtæki gera það ekki ef þessi ákvæði eru ekki skýr og er þetta meginuppistaða þeirra laga sem IMMI þingsályktunin kveður á um er varðar viðskipti og sóknarfæri í þeim efnum á heimsvísu.

- *Gagnageymd*: Afnáam gagnageymdar - sem brýtur gegn meðalhófsreglu - skiptir sköpum fyrir friðhelgi notenda, bæði er varðar einstaklinga og fyrirtæki, en ekki síst fjölmiðla og fyrirtæki í upplýsingageiranum. IMMI stofnunin væntir þess að í kjölfar dóms Evrópudómstólsins um að tilskipun Evrópuráðsins um gagnageymd samrýmist ekki evrópskum lögum (8. apríl 2014) að litið verði til mannréttinda-, friðhelgis- og meðalhófssjónarmiða í afgreiðslu frumvarps þess efnis sem liggur fyrir á alþingi. Er ekki annað að sjá en að um nátengd atriði sé að ræða þegar kemur að notendavernd.

IMMI varar þó við því að regluverk í kringum internetið verði of mikið og of flókið. Internetinu farnast best með sem minnstri íhlutun stjórnmalanna. Tryggja þarf frelsi þess og réttindi notenda. Í því ljósi er löngu tímabært að íslensk löggjöf og regluverk taki mið af þeirri upplýsinga- og tækniöld sem nú er gengin í garð.

Stofnunin fagnar þessari þingsályktunartillögu og þeim meðbyr sem henni er að hlotnast og lýsir sig fullkomlega reiðubúna til aðstoðar og ráðgjafar hvað málið varðar.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI